


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í júlí 2011

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 5. ágúst 2011

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna á Akureyri í júlí (787 frjó/m^3) reyndist í meðallagi (742 frjó/m^3). Grasfrjó voru færri en í meðalári, urðu 312 sem er á svipuðu róli og sumurin 2006 og 2010. Frjótala grasa fór hæst í 58 þann 28. júlí (sjá myndritið Akureyri 2011). Það sem af er sumri hafa rúmlega 20% grasfrjóa meðalárs mælst á Akureyri og eiginlegt hámark er enn ekki komið fram. Líkt og í fyrra eru því miklar líkur á því að ágúst verði aðalgrasmánuður sumarsins fyrir norðan.

Í ágúst mælast að jafnaði um 750 grasfrjó/m^3 á Akureyri og oftar en ekki eru topparnir tveir, sá fyrri í fyrri hluta ágúst en sá seinni um eða upp úr 20. ágúst. Þar ræður þó mestu hvort þurrir vindar ríkja, en vætutíð og þokuloft hamla dreifingu frjókorna. Þannig fylgir jafnan lítið magn frjókorna með hafgolunni og köldum, rökum norðanáttum.

Akureyri 2011




Myndritið nær yfir þann tíma sem grasfrjó hafa verið í lofti á Akureyri. Það sýnir grasfrjó, súrufrjó (túnsúra, hundasúra og njóli) og öll frjó. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.

Reykjavík. Heildarfjöldi frjókorna í júlí reyndist vel yfir meðallagi, varð rúmlega 2000 frjó/m^3 og er í hópi þriggja júlímánaða þegar fjöldi frjókorna hefur farið yfir 2000 en sumarið 1991 urðu þau ríflega 2500 og í fyrra, 2010, tæplega 4000 . **Grasfrjó** urðu 1142 . Frjótalan fór yfir hundrað þrisvar sinnum í mánuðinum, í fyrsta skipti þann 16. júlí, einni viku seinna en í fyrra. Frjótala grasa varð hæst 166 þann 18. júlí (sjá myndritið Reykjavík 2011). Daginn eftir voru tún við Bústaðaveg þar sem frjógildran er staðsett slegin. Áhrif þess á frjótölur koma vel fram á myndritinu Reykjavík 2011.



Reykjavík 2011



Myndritið nær yfir þann tíma sem grasfrjó hafa verið stöðugt í lofti. Það sýnir grasfrjó, súrufrjó (túnsúra, hundasúra og njóli) og öll frjó. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.

Súrufrjó voru samfelld í lofti til 24. júlí, þau hafa mælst stopult eftir að slegið var (sjá myndrit). Þau náðu hámarki 6. júlí þegar frjótalan reyndist 25. Súrufrjó mælast enn í Reykjavík. Heildarfjöldi súrufrjóa er orðinn 382, það er yfir meðallagi árána 1988–2010 sem er 311 frjó/m³ og meira en í fyrrasumar.

Þótt gras sé víða tekið að sölna eru nokkrar grastegundir enn í blóma og dreifa frjókornum. eru það einkum erlendir slæðingar og ræktuð túngrös, eins og t.d. húsapunktur *Elytrigia repens*, vallarfoxgras *Phleum pratense* og língresi *Agrostis* sp. Uppspretta grasfrjóa er því enn til staðar. Verði veður þurr og vindasamt í ágúst gætu þeir dagar komið að frjótölur verði háar. Á það einkum við um Akureyri, en á Akureyri er algengast að ágúst sé aðalgrasmánuður sumarsins. Meiri óvissa ríkir um framhald frjótíma grasa í Reykjavík, hvort honum sé að verða lokið í ár eða hvort velþekktur toppur um eða eftir miðbik ágústmánaðar eigi eftir að koma fram þar. Reynslan sýnir að þau sjö sumur, 1990, 1991, 1998, 2007 – 2010, sem mikið (>1000) hefur mælst af grasfrjóum í júlí í Reykjavík, hafa grasfrjó í sex skipti reynst verða meira en helmingi færri í ágúst. Þess vegna eru nokkuð góðar líkur á því að í Reykjavík verði tiltölulega lítið um grasfrjó í ágúst eins og undanfarin fjögur sumur.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu þar sem þær eru uppfærðar vikulega. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2011/ eru frjótölur grasa uppfærðar daglega þegar mest er um frjókorn í Reykjavík. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. fyrri frjómælinga.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík, 5. ágúst 2011

Margrét Hallsdóttir
Netfang mh@ni.is

